

Samkaup hf. - höfuðstöðvar
Krossmóa 4
260 Reykjanesbæ

Reykjavík, 29. nóvember 2022
UST202211-139/F.K.
07.13.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavara sem væri til sölu í verslun Samkaupa hf., nánar tiltekið Nettó við Krossmóa 4, uppfylli mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Stofnunin vísar í bréf stofnunarinnar til Samkaupa hf. sem ber ábyrgð á markaðssetningu vörunnar, dagsett þann 17.11.2022 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram þann 18.11.2022.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort varan uppfylli kröfur um merkingar skv. reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og kröfur varðandi merkingar skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar hjá fyrirtækinu:

Vara	Strikamerki
Fairy max power (660 mL)	8006540299036
Fairy max power pomegranate (660 mL)	8006540421642
Bold 2 in 1 with built in Lenor freshness- Lavender and Camomile (840 mL)	8001090671578

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra merkingar efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun veitir Samkaup hf. frest til 20.12.2022 til að senda stofnuninni afrit af merkimiðum fyrir vörunar Fairy max power og Bold 2 in 1 with built in Lenor freshness – Lavender and Camomile ásamt myndum af vörunum með merkingum til að sýna staðsetningu upplýsinga á vörunum í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202211-139.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað og vörulager verði merktar með uppfærðri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Samkaup hf. Hér með frest til 13.12.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. Gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. Mgr. 49. Gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 13.12.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 13.12.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. Gr., álagningu dagsekta sbr. 56. Gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. Gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beiingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/> og þvotta- og hreinsiefni <https://ust.is/atvinnulif/efni/thvotta-og-hreinsiefni/> má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla